




Einholtsvegur (358-02) í Bláskógabyggð

Kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu

Vegagerðin
Maí 2025

Samantekt

Fyrirhuguð er endurbygggingu á um 7,5 km löngum kafla á Einholtsvegi (358-02), milli Drumboddsstaðavegar (3683-01) og Hrunamannavegar (30-08) í sveitarfélaginu Bláskógabyggð.


Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi en núverandi Einholtsvegur (358-02) er malarvegur sem víða uppfyllir ekki kröfur veghönnunarreglna. Lítil breyting verður á núverandi veglínu Einholtsvegar (358-02), nema á um 150 m kafla við vegamót Drumboddsstaðavegar (3683-01) þar sem veglínan hliðrast um u.þ.b. vegbreidd til austurs vegna lagfæringa á plan- og hæðarlegu.

Vegagerðin áætlað að vegurinn verði endurbyggður á árunum 2026 - 2027.

Áætluð efnispörf endurbyggðs vegar er um 78 þús. m³ og reiknað er með að megnið af efninu verði tekið úr skeringum en annað efni tekið úr námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 því endurbygging vegarins nær til meira en 5 km kafla, auk þess sem meta þarf áhrif á verndarsvæði.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar betri samgöngur og bætt umferðaröryggi vegfarenda.



↑ Mynd 1.

Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis við Einholtsveg.

Efnisyfirlit

Samantekt	1
Efnisyfirlit	2
1 Yfirlit	4
1.1 Almennt	4
1.2 Markmið framkvæmdar	4
1.3 Matsskylda	4
1.4 Afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdar	5
1.5 Rannsóknir	6
1.6 Staða skipulags	6
1.7 Verndarsvæði	7
1.8 Leyfisveitendur	9
2 Staðhættir á framkvæmdasvæði	10
2.1 Staðhættir	10
2.2 Núverandi vegur	10
2.3 Samgöngur, umferðaröryggi og mengun	13
2.4 Mannvirki	14
3 Kostir og framkvæmdalýsing	15
3.1 Kostir	15
3.2 Framkvæmdalýsing	15
3.2.1 Endurbyggður vegur	15
3.2.2 Efnispörf	16
3.2.3 Efnistaka	16
3.2.4 Ræsi	17
3.3 Frágangur	17
3.4 Vinnubúðir	17
3.5 Mannaflapörf	18
3.6 Framkvæmdatími og kostnaður	18
3.7 Rekstur	18
4 Umhverfis- og framkvæmdaþættir	19
4.1 Þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum	19
4.1.1 Vegagerð	19
4.1.2 Efnistaka	19
4.2 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum	19
5 Möguleg umhverfisáhrif	20
5.1 Mannlíf, útivist og ferðaþjónusta	20
5.2 Landnotkun	21
5.3 Heilsa og öryggi (slys, umferðarhávaði og mengun)	21
5.4 Verndarsvæði	22
5.5 Landslag og ásýnd	23
5.6 Jarðmyndanir og vatnafar	24
5.7 Vistgerðir og gróðurfar	24
5.8 Dýralíf	26
5.9 Fornleifar	26

6	Veðurfar og náttúruvá.....	28
7	Aðgerðir á framkvæmdatíma	29
	7.1 Samráðsaðilar.....	30
8	Niðurstaða.....	31
9	Heimildir	32
10	Fylgiskjöl.....	33
11	Teikningar.....	34

Loftmynd á forsiðu frá Loftmyndum ehf.

Yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði

1 Yfirlit

1.1 Almennt

Vegagerðin kynnir hér fyrirhugaðar framkvæmdir á um 7,5 km löngum kafla á Einholtsvegi (358-02), milli Drumboddsstaðavegar (3683-01) og Hrunamannavegar (30-08) í Bláskógabyggð. Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði mun liggja um land Drumboddsstaða 1, Hrísholts, Markholts, Einiholts 2, Einiholts 1, Mels, Dyngju minjasvæðis, Áss, Kaplaholts, Vörðuholts, Vörðuhóls, Einiholtsáss, Kistutjarna, Sandamýrar, Bergholts og Gígjarhóskots 2 í Bláskógabyggð. Efni verður að mestu tekið úr tveimur skeringum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ef meira efni vantar verður það sótt í einhverja af þeim 5 nánum í nágrenni framkvæmdasvæðisins sem tilgreindar eru í aðalskipulagi Bláskógabyggðar (E69-E73).¹

Stefnt er á að bjóða verkið út haustið 2025 og áætlað að framkvæmdum verði lokið haustið 2027. Framkvæmdin er fjármögnuð með fjárveitingu á Tengivega-áætlun 2025-2029 þar sem markmiðið er að styrkja og leggja bundið slitlag á umferðarlitla tengivegi.

1.2 Markmið framkvæmdar

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur á svæðinu, auka umferðaröryggi íbúa og annarra vegfarenda á Einholtsvegi (358-02) og stuðla að greiðari samgöngum í Bláskógabyggð. Vegurinn verður hærri og aðeins breiðari en núverandi vegur, með bundnu slitlagi, bættum sjónlengdum og öruggum hliðarsvæðum. Hönnun vegarins miðar við 70 km/klst. hámarkshraða.

Ekki er um styttingu að ræða heldur fyrst og fremst vegabætur til að auka umferðaröryggi og þægindi vegfarenda á svæðinu með því að setja á hann bundið slitlag.

1.3 Matsskylda

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, viðauka 1, tölulið 10.08 og viðauka 2, tölulið 2iii,:

- 1. viðauki, liður 10.08 Grunnvirki. Lagning nýrra vega eða enduruppbygging eða breikkun vega utan þéttbýlis sem ekki eru tilgreindir í tölul. 10.06 eða 10.07 sem eru a.m.k. 5 km.

¹ Steinsholt 2018b og Bláskógabyggð8


Þá mun framkvæmdin liggja innan verndarsvæða, þ.e. um mikilvægt fuglasvæði á Suðurlandsundirlendi og í jaðri lítt raskaðs votlendis, sjá nánar í kafla **Error!**

Reference source not found. um verndarsvæði.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst, mótvægisáðgerðum verður beitt og haft samráð við ýmsa aðila.

1.4 Afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ofarlega í Biskupstungum á milli Tungufljóts og Hvítár, sjá mynd 1 og meðfylgjandi teikningar Áhrifasvæði framkvæmdarinnar nær yfir vegkafla 2 á núverandi Einholtssvegi og næsta nágrenni hans en hann liggur frá Drumboddsstaðavegi (3683-01) til norðausturs að Hrunamannavegi (30-08) í Bláskógabyggð (mynd 2).



↑ Mynd 1

Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis við Einholtssveg í Biskupstungum.

Framkvæmdin afmarkast af byggingu vegarins og efnistöku. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer undir vegagerð er á um 7,5 km kafla á Einholtssvegi (358-02).

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, vegna bættra og öruggari samgangna, nær til allra sem leið eiga um Einholtssveg (358-02) á umræddu svæði.

Einholtssvegur (358) er tengivegur og er veghelgunarsvæði hans 30 m breitt og nær 15 m út frá miðlinu til hvorrar handar. Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar verður að mestu innan veghelgunarsvæðis en á nokkrum stuttum köflum liggur það lítillega utan þess vegna lagfæringa á plan- og hæðarlegu. Vegurinn verður að mestu lagður á fyllingu en skeringar verða á stöku stað.

Væntanlegur verktaki mun e.t.v. þurfa að útbúa athafnasvæði til bráðabirgða og á einstaka stað getur þurft að fara út fyrir framkvæmdasvæðið til að geyma efni tímabundið. Verður það gert í samráði við landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst, mótvægisáðgerðum verður beitt og haft samráð við ýmsa aðila. Almenn er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og verður það tilgreint í útboðsgögnum.

Rekstur mannvirkisins og viðhald tekur við eftir að framkvæmd lýkur.

1.5 Rannsóknir

- Unnið er að efnisrannsóknum á framkvæmdasvæðinu vegna efnistöku.
- Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa mælt landið með lidarmæli, auk þess sem gerðar hafa verið jarðtæknirannsóknir. Falllóðsmælingar verða gerðar sumarið 2025 á núverandi vegi.
- Minjastofnun hefur kannað fyrirhugað framkvæmdasvæði m.t.t. fornminja.

Ekki er talin þörf á frekari rannsóknum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

1.6 Staða skipulags

Fyrir liggur Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027, staðfest þann 25. maí 2018.

Í greinargerð aðalskipulagsins er eitt af markmiðum varðandi samgöngur að stuðla að endurbótum meginvega í byggð og að þeir verði byggðir upp með bundnu slitlagi.²

Á sveitarfélagsuppdrætti með aðalskipulaginu³ (mynd 3) er núverandi vegur sýndur og meðfram honum er gert ráð fyrir reiðleið að austanverðu. Jafnframt má sjá afstöðu fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis m.t.t. annarra skipulagsþátta á svæðinu. Eftirfarandi upplýsingar um skipulag á svæðinu eru fengnar úr greinargerð Aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur um landbúnaðarsvæði. Í nágrenni þess eru skilgreind 5 efnistöku- og efnislosunarsvæði (**E**) sem eru merkt inn á aðalskipulagsuppdrátt með rauðum hringjum, þ.e. námur **E69** og **E70** í landi Drumboddsstaða, náma **E71** í landi Gýgjarhólskots og námur **E72** og **E73** í landi Gýgjarhólskots 3, sjá nánar í kafla **Error! Reference source not found.** um efnistöku.


Engin svæði undir frístundabyggð eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en tvö slík svæði, merkt (**F**) á skipulagsuppdrætti með bleikum lit hafa beina vegtengingu inn á Einholtsveg (358-02). Þau eru **F87**-Hrísholt og **F88**-Einhlíð, sjá mynd 3.

Engar friðlýstar fornminjar (**RA**) eru skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Sjá nánar í kafla **Error! Reference source not found.** um fornleifar.

² Steinsholt 2018b og Bláskógabyggð

³ Steinsholt 2018c og Bláskógabyggð

Tvö svæði eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði (**VP**) í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og afmörkuð með gulum lit. Þau eru **VP14**-Einholt og **VP19**-Kistutjarnir.




↑ Mynd 2

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027, hluti af sveitarfélagsupprætti - byggðin (Steinsholt og Bláskógabyggð, 2018).

1.7 Verndarsvæði

Fyrirhuguð framkvæmd mun liggja um verndarsvæði, þ.e. mikilvægt fuglasvæði og í nágrenni við votlendi.

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja (<https://serstokvernd.ni.is/>) eru tvö lítt röskuð votlendissvæði, stærri en 2 ha og meira en 200 m frá skurðum á láglandi, rétt við núverandi Einholtsveg (358-02) í landi Einholts 1 og Sandamýrar, sjá mynd 4.




↑ Mynd 3

Sérstök vernd á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Appelsínugulir flákar eru votlendissvæði stærri en 2 ha og meira en 200 m frá skurðum á láglandi (Náttúrufræðistofnun, 2025).

Votlendissvæðin eru bæði norðvestan núverandi Einholtsvegar (358-02), annars vegar milli stöðva 5040-5100 og hins vegar milli stöðva 5760-5860 en slík svæði njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum (60/2013).

Framkvæmdasvæðið mun vera innan mikilvægs fuglasvæðis skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar um vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi (<https://vistgerdakort.ni.is>), sem er Suðurlandsundirlendið, sjá mynd 5.



↑ Mynd 4

Mikilvæg fuglasvæði eru afmörkuð með rauðum skálínum (Náttúrufræðistofnun, 2025).

1.8 Leyfisveitendur

Fyrirhuguð framkvæmd er háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi Bláskógarbyggðar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.
- Ef raska þarf fornminjum þarf að afla leyfis Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Þar sem veglína skarast við helgunarsvæði háspennulínu þarf náð samráð við viðkomandi raforkuflutningsaðila um útfærslur. Ekki má hefja vinnu innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir liggi heimild frá viðkomandi raforkuflutningsaðila.
- Framkvæmdin skal vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
- Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna vinnslu jarðefna, landmótun og verktakaaðstöðu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, auk starfsmannabúða og mötuneytis samkvæmt reglugerð nr. 941/2002 og 93/1995.

Vegagerðin mun afla allra nauðsynlegra leyfa og framkvæmdir hefjast þegar þau liggja fyrir.

2 Staðhættir á framkvæmdasvæði

2.1 Staðhættir

Sveitarfélagið Bláskógabyggð er myndað úr þremur hreppum; Biskupstungnahreppi, Laugardalshreppi og Þingvallahreppi og er um 3.360 km² að stærð. Það nær yfir sunnanverðan Kjöl og frá Hvítá í austri, norður fyrir Skjaldbreið og vestur fyrir Þingvelli. Að sunnan eru mörkin um Brúará, Apavatn, Þrasaborgir og Þingvallavatn.

Þrír þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu; Reykholt, Laugarás og Laugarvatn⁴. Íbúar Bláskógabyggðar voru 1362 talsins þann 1. janúar 2025. Þar af bjuggu 740 manns í þéttbýliskjörnunum þremur (Hagstofa Íslands, 2025).

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur ofarlega í Biskupstungum, milli Tungufljóts og Hvítár. Byggð á svæðinu er fremur strjál en býli, frístundahúsa og ferðapjónusta eru meðfram og í nágrenni við Einholtsveg (358-02).

2.2 Núverandi vegur

Núverandi Einholtsvegur (358) er alls um 14 km langur malarvegur sem skiptist í tvo vegkafla, sjá töflu 1.

↓ Tafla 1

Vegkaflar Einholtsvegur (358) í Bláskógabyggð (Heimild: Veggagnagrunnur Vegagerðarinnar).


Vegnr.	Kafla	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	lengd	Vegflokkur
358	01	Bræðratunguvegur (359-01)	Drumboddsstaðavegur (3683-01)	6,49	Tengivegur
358	02	Drumboddsstaðavegur (3683-01)	Hrunamannavegur (30-08)	7,52	

Fyrirhugað er að endurbyggja kafla 2 á núverandi Einholtsvegi (358) sem er um 7,5 km langur.

Aðkoma að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er um Skeiða- og Hraunamannaveg (30-08) að norðan en Einholtsveg (358-01) að sunnan (sjá mynd 6). Jafnframt er tenging yfir á Biskupstungnabraut (35-07) til vesturs um gamla brú á Tungufljóti en á henni eru hæðar, breiddar og þyngdartakmarkanir.

Samkvæmt vegaskrá Vegagerðarinnar flokkast vegurinn á umræddum kafla sem tengivegur af vegtegund C₇ sem er 7 m breiður vegur með slitlagi. Hann er í dag um 5-6 m breiður malarvegur og víða með hæðar- og planlegu sem uppfyllir ekki kröfur í hönnunarstöðlum Vegagerðarinnar. Hámarkshraði á veginum í dag er 80 km/klst.


⁴ Steinsholt 2018a og Bláskógabyggð



↑ Mynd 5

Lofmynd sem sýnir legu Einholtsgvegur (358-02) og tengingu hans við aðliggjandi stofnvegi.

Við gatnamót Drumboddsstaðavegar (3683) er nokkuð kröpp beygja, skert vegsýn og umferðarskilti með 30 km/klst. leiðbeinandi hraða (sjá mynd 7).



↑ Mynd 7

Núverandi vegamót Einholtsgvegur (358) og Drumboddsstaðavegar (3683). Horft í norðvestur (Mynd: ja.is).

Á sömu gatnamótum er einnig vegtenging til vesturs yfir gamla brú yfir Tungufljót með 4 t öxulþunga, 3,2 m takmörkunum á hæð og 2,5 m á breidd (sjá mynd 8).



↑ **Mynd 8**

Horft frá vegamótum við Drumboddsstaðaveg í vestur á brú yfir Tungufljót (Mynd: ja.is).

Á tveimur stöðum eru blindhæðir, annars vegar um 200 m suðvestan vegamóta við veg 3675-01, Kjarnholtsveg 2 (mynd 9) og hins vegar um 300 m norðaustan vegamótanna (mynd 10).



↑ **Mynd 9**

Blindhæð á núverandi Einholtsvegi (358-02) sunnan vegamóta við Kjarnholtsveg (Mynd: ja.is).



↑ **Mynd 10**

Blindhæð á núverandi Einholtsvegi (358-02) norðan vegamóta við Kjarnholtsveg (Mynd: ja.is).

Víða eru tengingar út frá núverandi Einholtsvegi (358-02) á fyrirhuguðum framkvæmdakafli. Tengingar við héraðsvegi má sjá í töflu 2.

↓ Tafla 2

Tengingar Einholtsvegur (358-02) við héraðsvegi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Vegflokkur H stendur fyrir héraðsveg (Heimild: Veggagnagrunnur Vegagerðarinnar)

Vegur	Vegflokkur	Tenging	Hægra/vinstra megin vegar*
Drumboddsstaðavegur (3683)	H	T-vegamót	h
Hrísholtsvegur (3681)	H	T-vegamót	h
Dalsholtsvegur (3680)	H	T-vegamót	v
Einiholtsvegur 1 (3679)	H	T-vegamót	v
Kjarnholtsvegur (3675)	H	T-vegamót	v

*Hægra/vinstra megin vegar þegar horft er eftir veglínu til hækkanði stöðvar.

Talningar út frá loftmyndum gefa til kynna að allt að 20 aðrar tengingar liggi út frá núverandi vegi, m.a. að íbúðarhúsum, frístundahúsum, túnum og námum. Veghönnunin gerir ráð fyrir 17 tengingum en leitast verður við að loka einhverjum til að auka umferðaröryggi.

Á núverandi vegkafla eru engar brýr en ræsi eru í stöðvum 1418, 2439, og 4576. Þá eru 2 ristarlið á núverandi vegkafla, annars vegar 3,5 m ristarlið staðsett við stöð 6384 og hins vegar 8 m ristarlið við stöð 7466.

2.3 Samgöngur, umferðaröryggi og mengun

Fremur lítil umferð er á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í töflu 3 má sjá meðaltalsumferð á vegkaflanum milli áranna 2018-2023. Talsverður breytileiki er á umferðartölum á þessu tímabili. Upplýsingar um greiningu og flokkun umferðar eru fengnar hjá Umferðadeild Vegagerðarinnar.

↓ Tafla 3

Meðaltalsumferð á Einholtsvegi (358) kafla 02, milli Drumboddsstaðavegar (3683-01) og Hrunamannavegar (30-08). Samanburður á umferðartölum áranna 2018 - 2023.

Einholtsvegur (358-02) milli Drumboddsstaðavegar og Hrunamannavegar			
Ár	Ársdagsumferð ⁵	Sumardagsumferð ⁶	Vetrardagsumferð ⁷
2018	173	239	126
2019	157	217	116
2020	84	120	78
2021	150	250	64
2022	82	125	48
2023	93	145	53

Samkvæmt spá Vegagerðarinnar (https://wp-beta.vegagerdin.is/wp-content/uploads/2024/06/landsspa_2022-2070.pdf) um þróun heildarakstur á þjóðvegakerfinu 2023-2070 er áætluð meðalumferð um veginn árið 2045 130 ÁDU (efri mörk 150).

⁵ Ársdagsumferð (ÁDU) er meðalumferð á dag yfir árið.
⁶ Sumardagsumferð (SDU) er meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september.
⁷ Vetrardagsumferð (VDU) er meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember.

Samkvæmt upplýsingum úr vefsíðu Vegagerðarinnar eru engin slys skráð á vegkaflanum á árunum 2018-2024.

Starfsmenn á þjónustudeild Vegagerðarinnar á Selfossi segja að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé fremur snjólétt og ekki mikil snjósöfnun á veginum.

2.4 Mannvirki

Talsverðar upplýsingar um lagnir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði liggja fyrir, sjá meðfylgjandi teikningar þar sem allar þekktar lagnir eru merktar.

Ljósleiðari liggur meðfram allri veglínunni og þverar hana á tveimur stöðum. Rafstrengur í jörðu er meðfram veglínu frá stöð 1480 til enda, auk þess sem hann þverar veginn á fjórum stöðum. Þá þvera vatnsveitulagnir veginn á þremur stöðum.

Allar framkvæmdir í grennd við lagnir verða í samráði við viðkomandi veitufyrirtæki. Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi áhrif á lagnir en aflað verður upplýsinga um allar jarðlagnir á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast og núverandi lega lagna kynnt í útboðsgögnum svo þeim verði ekki raskað við framkvæmdir.

Vegtengingar, s.s. að býlum, slóðum og túnum verða aðlagðar nýrri hæðarlegu endurbyggðs vegar. Reynt verður að fækka tengingum við veginn þar sem það er hægt, í samráði við landeigendur.

3.2.2 Efnispörf

Áætluð efnispörf framkvæmdarinnar er um 78 þús. m³, sjá töflu 4.

Tafla 4

Áætluð efnispörf fyrirhugaðrar framkvæmdar

	Magn í m³
Klæðing	1.550
Burðarlag	11.850
Styrktarlag	21.500
Fyllingar	26.550
Fláafleygar	16.550
Samtals	78.000

Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst á yfirborði skeringa og náma verður ýtt í haug áður en efnistaka hefst og hann geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur.

3.2.3 Efnistaka

Unnið er að efnisrannsóknnum á borkjörnum af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir. Niðurstöður úr borunum benda þó til þess að stærstur hluti efnis mun fást úr tveimur skeringum, milli stöðva 4820-4900 og 5280-5480 og að efnið henti í styrktarlag, burðarlag og klæðingar. Efni í fyllingar og fláafleyga verður einnig sótt í skeringar á framkvæmdasvæðinu eftir því sem hægt er en það sem upp á vantar mun fást úr opnum námum í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Í greinargerð með Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027⁸ eru fimm námur sýndar á eða í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, sjá töflu 5.

↓ Tafla 5

Námur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði samkvæmt Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027.

Nr	Heiti	Lýsing	Jörð
E69	Koðnahólmi	Sand- og malarnáma, Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m³. Stærð er allt að 3 ha.	Drumboddsstaðir
E70	Drumboddsstaðir	Malarnáma, efnismagn er allt að 50.000 m³. Stærð er um 5 ha.	Drumboddsstaðir
E71	Gýgjarhólskot	Setnáma, efnismagn er allt að 50.000 m³. Stærð er allt að 2 ha.	Gýgjarhólskot
E72	Gýgjarhólskot	Grjót- og sandnáma, efnismagn er allt að 50.000 m³. Stærð er allt að 2 ha.	Gýgjarhólskot 3
E73	Gýgjarhólskot	Sand- og malarnáma, efnismagn er allt að 50.000 m³. Stærð er allt að 3 ha.	Gýgjarhólskot 3

⁸ Steinsholt 2018b og Bláskógabyggð

Einhver þessara náma verður nýtt vegna framkvæmdarinnar ef þörf er á. Magn og nákvæmar staðsetningar efnistöku munu liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast og koma fram í útboðsgögnum.

Við frágang verður flutt til efni í jöðrum skeringa og náma til að aðlaga þær sem best að landinu í kring.

Efnistaka og frágangur náma mun fara fram í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

3.2.4 Ræsi

Almennt eru ræsi staðsett þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úrkoma er mikil. Ræsum í veg er enn fremur komið fyrir þar sem hætta er á að vatn geti safnast fyrir við veginn.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Einholtsvegar (358-02) eru 3 ræsi í núverandi vegi. Þau verða ýmist endurnýjuð eða lengd, háð ástandi þeirra.

3.3 Frágangur

Vanda þarf allan frágang þeirra svæða sem raskað verður vegna framkvæmdarinnar. Frágangur mun fara fram eftir verklagsreglum Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma.

Við framkvæmdir verður reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Skeringar verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Frágangi á vegskeringum og námu verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Önnur röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis. Brúnir efnistöku-svæða og skeringa verða aðlagaðar að landinu í kring. Við frágang verður þess gætt að ekki myndist vatnsuppistöður í skeringum eða námum.

Ef lífrænn jarðvegur finnst í yfirborði skeringa eða náma verður honum ýtt til hliðar áður en efnistaka hefst og hann geymdur til síðari nota. Í lok framkvæmda verður mannvirkið aðlagað landinu umhverfis og lífrænum jarðvegi jafnað yfir.

Til þess að forðast að brjóta upp landslagsheildir verður almennt ekki ráðist í uppgræðslu á skeringum eða námusvæðum ef landið í kring er ógróið eða þar sem æskilegt er að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða.

Allur frágangur verður í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

Heimreiðar og vegtengingar verða aðlagaðar að nýrri hæð vegarins. Ef girðingum verður raskað verða þær lagfærðar í samráði við landeigendur.

3.4 Vinnubúðir

Ekki liggur fyrir hvar vinnubúðir verða staðsettar en verktaki mun setja upp vinnubúðir í samráði við landeigendur og með heimild Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Bláskógabyggðar. Í útboðsgögnum verður krafist að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

Vinnubúðir og vinnuaðstaða munu standa á meðan framkvæmdir standa yfir en verða fjarlægð að framkvæmdum loknum. Gengið verður vel frá svæðunum, svo að ummerki um framkvæmdir hverfi fljótt.

3.5 Mannaflapörf

Vegna umfangs verksins má reikna með að nokkur fjöldi starfa skapist á framkvæmdartíma. Reikna má með um 12 störfum í um 9 mánuði vegna vegavinnu.

3.6 Framkvæmdatími og kostnaður

Áætlað er að bjóða fyrirhugaðar framkvæmdir út haustið 2025, þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir. Verklök eru áætluð haustið 2027.

Samkvæmt tengivegaáætlun er áætlað fjármagn til framkvæmda við Einholtsveg (358-02) á árunum 2025-2027. Heildarkostnaður framkvæmdarinnar er áætlaður um 450 milljón kr.

3.7 Rekstur

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins sem felst m.a. í viðhaldi og þar með talið snjómokstri. Þegar umferð hefur verið hleypt á veginn hefur reksturinn áhrif á öryggi samgangna.

Veturinn 2024-2025 var miðað við að Einholtsvegur (358-02) væri þjónustaður eftir þörfum, allt að 3x í viku. Um helmingamokstur var að ræða sem skiptist á milli Vegagerðarinnar og Bláskógabyggðar.

Ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði á rekstri vegarins eftir að vegaframkvæmdum lýkur. Viðhald og rekstur á nýjum vegi mun fylgja þeim viðmiðunar- og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegflokkum, umferð o.þ.h.

Innviðaráðuneytið (innviðaráðherra) ákvarðar snjómokstursreglur.

4 Umhverfis- og framkvæmdaþættir

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

4.1 Þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Helstu áhrif við endurbætur á Einholtssvegi (358-02) felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hættu á mengunar-slysum, hávaða, ryk- og útblástursmengun.

Endurbyggður vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Á rekstartíma geta bættar samgöngur haft margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnisþörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, styrktarlag, burðarlag, fyllingar og fláafleyga. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

4.2 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum

Vegagerðin hefur metið hvort líklegt væri að endurbygging viðkomandi vegar myndi hafa veruleg áhrif á umhverfið. Þar sem að stórum hluta er verið að raska landi sem þegar hefur verið raskað við byggingu núverandi vegar og efnistaka í nánum utan vegsvæðisins er ekki mikil telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg. Þeir umhverfisþættir sem framkvæmdin getur haft áhrif á eru:

- | | |
|---|----------------------------|
| → mannlíf, útivist og ferðaþjónusta | → jarðmyndanir og vatnafar |
| → landnotkun | → vistgerðir og gróðurfar |
| → heilsa og öryggi (slys, umferðarhávaði og mengun) | → dýralíf |
| → verndarsvæði | → fornleifar |
| → landslag og ásjón | → veður og náttúruvá |

5 Möguleg umhverfisáhrif

5.1 Mannlíf, útivist og ferðaþjónusta

Búskapur er á nokkrum jörðum á svæðinu. Mannlíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði einkennist af umferð íbúa og gesta í frístundabyggðum sem eru á svæðinu. Yfir sumartímann verður aukning á umferð m.a. vegna ferðamanna en ferðaþjónusta er á Drumboddsstöðum, Einholti 2 og Melum þar sem boðið er upp á gistingu.

Samkvæmt kortasjá Ferðamálastofu (<https://geo.alta.is/fms/stadir/>) eru engir áhugaverðir viðkomustaðir skráðir á við Einholtsveg en í nágrenni hans eru þó Brúarhlöð, með aðkomu um Skeiða- og Hrunamannaveg og Faxi með aðkomu um Biskupstungnabraut (mynd 12).



↑ Mynd 12

Áhugaverðir ferðamannastaðir í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði (Ferðamálastofa, kortasjá).

Áhrif á mannlíf, útivist og ferðaþjónustu

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast. Þar sem framkvæmdin er að mestu á núverandi vegi munu vegfarendur um viðkomandi veg verða varir við

framkvæmdina vegna hávaða, ryks, ósléttis vegyfirborðs og truflunar á umferð. Ryk og hávaði mun líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum. Reiknað er með að framkvæmdin skapi nokkur störf á svæðinu meðan á henni stendur.

Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna öruggari og betri vegar með bundnu slitlagi.

5.2 Landnotkun

Fyrirhugað framkvæmdasvæði, námur og endurbyggður vegur verða við og í landi margra jarða sem taldar eru upp í kafla 1.1. Fjallað er um mannvirki við framkvæmdasvæðið í kafla 2.4.

Samkvæmt aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027⁹ er fyrirhugað framkvæmdasvæði á landbúnaðarsvæði, auk þess sem eitt verslunar- og þjónustusvæði er við núverandi veg. Stærsti hluti framkvæmdasvæðisins er innan vegsvæðis núverandi vegar.

Viðast hvar eru girðingar meðfram núverandi vegi og ef raska þarf girðingum mun Vegagerðin sjá um að girða meðfram veginum í samráði við landeigendur.

Rafstrengir liggja meðfram vegi og í gegnum hann á nokkrum stöðum. Einnig eru ljósleiðari og kaldavatnslagnir innan framkvæmdasvæðis (sjá kafla 2.4).

Áhrif á landnotkun

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um því núverandi vegi verður fylgt.

Tún eða beitolönd verða skert óverulega og áfram verður reiðfært meðfram veginum. Landeigendur fá greiddar bætur fyrir það land sem raskað verður við framkvæmdir í samræmi við nýtingu þess.

Samráð verður við lagnahafa vegna lagna á svæðinu og verktakar upplýstir um allar lagnir á svæðinu og þeim gert að reyna af fremsta megni að komast hjá því að raska þeim.

5.3 Heilsa og öryggi (slys, umferðarhávaði og mengun)

Núverandi vegur er malarvegur sem veldur rykmengun og breidd hans og hæðarlega uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Engin íbúðarhús eru það nálægt veginum að truflun sé af hljóðmengun.

Áhrif á heilsu og öryggi (slys, umferðarhávaði og mengun)

Ef ekkert er gert til að auka öryggi á þeim hluta Einholtsvegur (358) sem hér er fjallað um, er líklegt að aukin umferð á svæðinu hafi í för með sér minna umferðaröryggi.

Umferð um svæðið mun raskast lítilsháttar og tímabundið meðan á framkvæmdum stendur. Þá gætu efnisflutningar úr námum haft áhrif á umferð.

Jákvæð áhrif að loknum framkvæmdum eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þegar lagður hefur verið öruggari og betri vegur með klæðingu, í stað núverandi malarvegur.

⁹ Steinsholt 2018c og Bláskógabyggð

Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar vinnuvéla. Að framkvæmdum loknum minnkar loftmengun miðað við núverandi ástand, vegna betri vegar og klæðingar á vegi. Hljóðvistin verður óbreytt eða batnar, vegna klæðingar og betri vegar.

Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.

5.4 Verndarsvæði

Umfjöllun um verndarsvæði er í kafla 1.7.

Áhrif á verndarsvæði

Endurbygging Einholtsvegur (358-02) mun liggja í sama vegstæði og núverandi vegur nema á um 150 m kafla í landi Drumboddsstaða þar sem hann hliðrast veggbreidd til austurs út fyrir núverandi veg vegna lagfæringar á plan- og hæðarlegu.

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja (<https://serstokvernd.ni.is/>) liggur fyrirhugað framkvæmdasvæði meðfram tveimur votlendissvæðum á stuttum köflum sem eru vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Umrædd svæði eru í landi Einholts 1 og Sandamýrar og liggja að veginum að norðvestanverðu (myndir 13 og 14). Á þessum svæðum verður framkvæmdasvæðið allt innan veghelgunarsvæðis vegarins en þess má geta að bæði umrædd svæði eru nú þegar nokkuð röskuð.



↑ Mynd 13

Horft til norðvesturs yfir svæði sem flokkað er sem votlendi með sérstakri vernd skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar (Mynd ja.is).



↑ Mynd 14

Horft til norðurs yfir svæði sem flokkað er sem votlendi með sérstakri vernd skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (Mynd ja.is).

Ekki er talið að endurbygging Einholtsvegur (358-02) raski frekar votlendi, utan þess svæðis sem áður hefur verið raskað við vegagerð, aðrar framkvæmdir eða nýtingu á svæðinu.

Hvað varðar fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þá getur framkvæmdin haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Gert er ráð fyrir að áhrifin verði óveruleg, því um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar.

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á verndarsvæði.

5.5 Landslag og ásýnd

Landslag á svæðinu við Einholtsveg er fremur flatt en þó setja holt og ásar svip einkum á ofanvert svæðið. Víða er svæðið fremur rýrt og gróðurlítið en grösug svæði eru inn á milli, bæði ræktuð og óræktuð.

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fremur einsleitt og flokkast sem opið landslag skv. skilgreiningu á vefnum www.namur.is um námur, efnistöku og frágang. Almenn er útsýni frá veginum gott en landslagið á framkvæmdasvæðinu er menningarlandslag og ber talsverð einkenni af landbúnaði. Víðast hvar eru girðingar meðfram vegi.

Áhrif á landslag og ásýnd

Landslaginu á framkvæmdasvæðinu hefur þegar verið raskað með mannvirkjagerð, ræktun, beit, efnistöku og slóðum.

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landslag og ásýnd, enda um að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Endurbyggður vegur verður þó breiðari en núverandi vegur með meira aflíðandi fláum. Þá verður hann lagður á hærri fyllingum og í dýpri skeringum en núverandi vegur til þess að hann verði jafnari í landinu.

Ásýnd landsins meðfram veginum mun þó ekki breytast mikið fyrir utan það að vegurinn fer úr því að vera malarvegur í að vera lagður bundnu slitlagi.

5.6 Jarðmyndanir og vatnafar

Jarðmyndanir við Einholtsveg (358-02) eru, samkvæmt jarðfræðikortum Náttúrufræðistofnunar (<https://jarðfræðikort.ni.is/>) á mörkum eldri og yngri grágrýtismyndunarinnar sem urðu til á fyrri og síðari hluta ísaldar og bera jarðmyndanir svip af því. Basalthraunlög og móberg er einkennandi fyrir eldri grágrýtismyndunina, auk þess sem jökulbergslög ásamt jökulvatnaseti mynduðust. Yngri grágrýtishraunin einkennast af jökulrákuðum klöppum og klapparholtum.

Jarðmyndanir eru þó að mestu undir jarðvegshulu frá nútíma, einkum brúnjörð en einnig mela- og malarjörð skv. jarðvegskorti Landbúnaðarháskóla Íslands (2009).

Í lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011, gr. 12 kemur fram að vernda skuli yfirborðs- og grunnvatnshlot¹⁰ og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Ástand þeirra skal styrkja og endurheimta með það að markmiði að efnafræðilegt ástand sé að lágmarki gott. Fyrir grunnvatnshlot eru umhverfismarkmið þau að magnstaða á að vera góð og efnafræðilegt ástand gott.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er eitt grunnvatnshlot, Kerlingarfjöll-Hreppar (103-287-G). Heildarstærð þess er 3783,8 km². Grunnvatnshlotið Kerlingarfjöll-Hreppar hefur ekki verið ástandsmetinn og því óvíst hver raunverulegt ástand grunnvatnshlots er (Vatnavefsjá, 2025). Ekki hefur verið skráð neitt álag á vatnshlotið.

Áhrif á jarðmyndanir og vatnafar

Áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir á svæðinu eru lítil og sérstaklega þar sem framkvæmdin er nær eingöngu á núverandi vegum.


Jarðmyndanir eru aðallega berggrunnur frá hlýskeyðum og kuldaskýðum ísaldar og jarðvegshula ofan á er frá lokum síðasta kuldaskýðs ísaldar og nútíma. Þær jarðmyndanir eru algengar á landsvísu og á Suðurlandi og því er verndargildi þeirra talið vera lágt.

Í tilfelli þess vatnshlots sem framkvæmdin fer um telur Vegagerðin að áhrif á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess verði óveruleg og að ekki sé hætt á að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Einnig mun framkvæmd ekki hafa áhrif á magnstöðu grunnvatns.

5.7 Vistgerðir og gróðurfar

Náttúrufræðistofnun Íslands skilgreinir og flokkar íslenskar vistgerðir. Vistgerðakort fyrir allt landið má sjá í kortasjá stofnunarinnar <https://vistgerdakort.ni.is/>. Mynd 15 er af vistgerðum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og þar má sjá að mikið af landinu er flokkað sem tún og akrar sem hafa ekki verndargildi. Ekki var ráðist í rannókn á gróðurfari.

¹⁰ Vatnshlot: eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó.



↑ Mynd 15

Vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem sýnt er með svörtum punktalínunum (Náttúrufræðistofnun, 2025).

Hér eru talin upp þau gróðurlendi sem skráð eru við fyrirhugað framkvæmdasvæði og helstu vistgerðir innan þeirra. Það eru:

- L1 Melar og sandlendi – nokkuð útbreidd einkum sunnarlega á svæðinu
 - talsvert er um L1.2 Grasmelavist, L1.4 Víðimelavist og L1.1 L1.3 Mosamelavist – allar með lágt verndargildi
- L5 Moslendi – nokkuð útbreitt á suðurhluta svæðis og í nágrenni Vörðuhóls
 - aðallega L5.3 Hraungambraðavist en einnig L5.2 Melagambraðavist, með lágt og miðlungs verndargildi
- L8 Votlendi – lítil svæði einkum í nágrenni Vörðuholts og Sandamýrar
 - einkum L8.6 runnamýravist á láglendi en einnig L8.9 Starungsmýravist, báðar með mjög hátt verndargildi
- L9 Graslendi – lítil svæði hér og þar
 - einkum L9.4 Snarrótarvist og L9.5 Grasengjavist, báðar með hátt verndargildi en einnig L9.1 Stinnastaravist, með miðlungs verndargildi
- L10 Mólendi – lítil svæði hér og þar en allar vistgerðir með litla útbreiðslu
 - L10.1 Mosamóavist, L10.2 Flagmóavist, L10.3 Starmóavist, L10.6 Fjalldrapamóavist, L10.7 Lyngmóavist á hálendi, L10.8 Lyngmóavist á láglendi, L10.9 Víðimóavist og L10.10 Víðikjarrvist en verndargildi þessara vistgerða er frá lágu yfir í mjög hátt

- L14 Aðrar landgerðir – þekur allstóran hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis
 - núverandi vegur flokkast L14.1 þéttbýli og annað manngert land en ennig eru stór svæði í L14.2 Tún og akurlendi

Áhrif á gróðurfar

Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar á um 7,5 km löngum kafla. Hvergi er um nýtt vegstæði að ræða, nema við vegamót Drumboddsstaðavegar þar sem vegurinn hliðrast til austurs um vegbreidd á um 150 m kafla. Framkvæmdin raskar því nær eingöngu svæði sem raskað var við eldri vegagerð. Gróður sem lendir undir fyllingum eða í vegskeringum mun hverfa. Vernduðu votlendi verður hvergi raskað. Reiknað er með að græða upp allt rask á vegsvæði. Vegagerðin telur að áhrif á gróðurfar meðfram veginum verði óveruleg.

Við frágang svæðisins verða röskuð svæði jöfnuð og grædd upp í samráði við Land og skóg, Umhverfisstofnun og landeigendur, sjá kafla 3.3.

5.8 Dýralíf

Framkvæmdin raskar ekki veiðiám eða veiðivötnum skv. upplýsingum frá Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga en ekki liggja fyrir upplýsingar um fugla eða spendýr á svæðinu.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur um mikilvægt fuglasvæði, eins og fram kemur í kafla 1.7. Verndarsvæðið er víðfeðmt og nær til Bláskógabyggðar, Ásahrepps, Flóahrepps, Grímsness- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Árborgar og Ölfuss, sjá kafla **Error! Reference source not found.**

Fyrirhugaðar framkvæmdir á Einholtsvegi (358-02) teljast ekki umfangsmiklar enda um endurbyggingu núverandi Einholtsvegar að ræða.

Áhrif á fugla og spendýr

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur.

Gert er ráð fyrir að áhrifin verði óveruleg, því um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar.

5.9 Fornleifar

Samkvæmt Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027¹¹ og kortasjá Minjastofnunar Íslands

(<https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>) eru engar friðlýstar fornminjar skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Vegagerðin óskaði eftir umsögn Minjastofnunar varðandi fornminjar á og við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Í umsögn þeirra kemur fram að Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við umræddar framkvæmdir við Einholtsveg (sjá fskj.1).

¹¹ Steinholt 2018c og Bláskógabyggð

Áhrif á fornminjar

Vegagerðin hefur ekki upplýsingar um fornleifar í næsta nágrenni við núverandi veg. Vegna þess að ný veglína fylgir núverandi vegi og raskar að mestu svæði sem þegar hefur verið raskað við byggingu núverandi vegar er reiknað með að lítil hættu sé á að fornleifar finnist í vegstæðinu. Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjastofnun um aðgerðir. Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis.

6 Veðurfar og náttúruvá

Í forsendu- og umhverfisskýrslu með aðalskipulagi sveitarfélagsins¹² kemur fram að norðaustlægar áttir eru ríkjandi á svæðinu.

Hvað varðar náttúruvá þá er sveitarfélagið á Suðurlandsskjálftabeltinu og því er þar jarðskjálftahætta.

Vegagerðin hefur skráð varasama staða í vegakerfinu m.t.t. sandfoks og vindhviða. Engin slík skráning er á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Áhrif á veður og náttúruvá

Framkvæmdin miðar að því að auka öryggi íbúa og annarra vegfarenda á svæðinu, m.a. með tilliti til veðurs og náttúruvár.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi hverfandi áhrif á veður og náttúruvá á svæðinu.

¹² Steinsholt 2018a og Bláskógabyggð

7 Aðgerðir á framkvæmdatíma

Fyrirhugaðar aðgerðir á framkvæmdatíma eru miðaðar við að takmarka áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið.

- Nýr vegur er hannaður þannig að hann fylgi nýverandi vegi sem best og falli vel að landslagi. Að loknum framkvæmdum verður þessi hluti Einholtsvegar kominn með klæðingu, ágæta hæðarlegu og betri sjónlengdir.
- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist við fyrirfram skilgreint framkvæmdasvæði. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Gera má ráð fyrir að röskun á landi verði með minnsta móti, miðað við vegframkvæmdir almennt, þar sem um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar.
- Þar sem framkvæmdasvæðið er þröngt afmarkað í grennd við votlendissvæði sem njóta verndar verður þeim ekki raskað frekar.
- Ræsi verða grafin niður svo samfella haldist í vatnsfarveginum.
- Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við framkvæmdasvæðið, námuvegi og námur. Meðal annars verður allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að námum.
- Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins. Leitast verður við að raska búskap og hvers konar atvinnustarfsemi á svæðinu sem minnst. Samráð verður haft við landeigendur varðandi það land sem raskast og það bætt á viðeigandi hátt.
- Ef raska þarf girðingum, verður girt að nýju þar sem hróflað verður við þeim.
- Reglubundið eftirlit verður með áhöldum og vélum sem notuð verða þannig að tryggt sé að óæskileg mengandi efni þ.m.t. olíur berist ekki í læki á svæðinu. Umræddar kröfur verða ítrekaðar í útboðsgögnum.
- Við frágang verður stefnt að því að endurheimta staðargróður og ganga vel frá jöðrum framkvæmdasvæða með því að laga þau sem best að aðliggjandi landi til að gera sárin í landinu sem minnst áberandi. Ef lífrænt efni finnst verður því ýtt í hauga áður en framkvæmdir hefjast og því jafnað yfir við frágang, sjá kafla 3.3.
- Röskuð svæði verða jöfnuð og grædd upp í samráði við Land og skóg, Umhverfisstofnun og landeigendur. Þar sem lífrænt efni finnst í yfirborði verður því ýtt í hauga áður en framkvæmdir hefjast og því jafnað yfir við frágang. Reynt verður að ganga vel frá jöðrum framkvæmdasvæða og laga þau sem best að aðliggjandi landi til að gera sárin í landinu sem minnst áberandi.

7.1 Samráðsaðilar

Samráð verður haft við eftirtalda aðila:

- **Skipulagsstofnun**, varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar.
- **Sveitarstjórn Bláskógabyggðar**, varðandi framkvæmdaleyfi.
- **Landeigendur**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu.
- **Umhverfis- og orkustofnun**, um efnistöku og frágang á svæðinu.
- **Heilbrigðiseftirlit**, varðandi leyfi til atvinnureksturs sem getur valdið mengun.
- **Minjastofnun Íslands**, varðandi fornleifar á svæðinu.
- **Fjarskiptaaðila**, vegna framkvæmda í grennd við fjarskiptalagnir.
- **Rarík**, vegna framkvæmda í grennd við raflínur og/eða rafstrengi.
- **Land og skóg**, um uppgræðsluaðferðir.
- **Tungufljótsdeild Veðifélags Árnesinga** (landeigendafélag), vegna áhrifa á veiði.

8 Niðurstaða

Við framkvæmdina verður Einholtsvegur (358-02) í Bláskógabyggð endurbyggður á um 7,5 km kafla. Veglínin verður færð um vegbreidd til austurs við vegamót Drumboddsstaðavegar vegna lagfæringa á plan- og hæðarlegu. Öll ræsi verða yfirfarin.

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, því að hún fer yfir þau lengdarviðmið sem kveðið er á um í 1. viðauka lið 10.08, auk þess sem hún liggur um verndarsvæði.

Engar þekktar fornminjar eru á eða við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Unnið er að jarðtæknirannsóknnum. Ekki er talin þörf á frekari rannsóknnum.

Gert er ráð fyrir að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á náttúruferli svæðisins verði óveruleg.

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast og hætta á mengunar-slysum næst framkvæmdasvæðinu eykst en að loknum framkvæmdum verður hætta minni en í dag vegna öruggari vegar.

Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og auknu umferðaröryggi. Með breiðari og betri vegi verður leiðin um Einholtsveg greiðari en hún er nú.

Vegagerðin telur að viðkomandi vegaframkvæmd muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum aðgerðum beitt á framkvæmdatíma og haft samráð við ýmsa aðila.

9 Heimildir

Hagstofa Íslands, 2025: Tölur um mannfjölda á Íslandi. Sótt 06.05.2025 á heimasíðu www.hagstofa.is.

Landbúnaðarháskóli Íslands, 2009: Jarðvegskort af Íslandi.

Minjastofnun Íslands, 2025: Menningarminjar. Sótt 06.05.2025 á <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025: Jarðfræði Íslands. Sótt 06.05.2025 á <https://jardfraedikort.ni.is/>.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025: Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja. Sótt 06.05.2025 á <https://serstokvernd.ni.is/>.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025: Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Sótt 06.05.2025 á <https://vistgerdakort.ni.is/>.

Steinsholt, 2018a: Bláskógabyggð, aðalskipulag 2015-2027. Forsendur, 18 maí 2017, breytt 4. apríl 2018.

Steinsholt, 2018b: Bláskógabyggð, aðalskipulag 2015-2027. Greinargerð, 18. maí 2017, breytt 17. maí 2018.

Steinsholt, 2018c: Bláskógabyggð, aðalskipulag 2015-2027. Sveitarfélagsuppdráttur – byggðin. 25.05.2025.

Vatnavefsjá, 2025: Upplýsingar um vatnshlot. Sótt 05.05.2025 á <https://vatnavefsja.vedur.is/#/mainmap>.

Vefsja Ferðamálastofu, 2025: Upplýsingar um viðkomustaði. Sótt 07.05.2025 á <https://geo.alta.is/fms/stadir/>.

10 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Umsögn Minjastofnunar Íslands. *Einholtsvegur í Bláskógabyggð - Endurbætur.*

11 Teikningar

Teikning 1. Vegagerðin, (2025): Afstöðumynd í mkv. 1:50.000.

Teikning 2. Vegagerðin, (2025): Yfirlitsmynd í mkv. 1:20.000.

Teikning 3. Vegagerðin (2023): Grunnmynd/langsnið í mkv. 1:4.000, 5 myndir.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðasvið Suðurgata
39 101 Reykjavík (354) 570
13 00 www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Vegagerðin á Selfossi
Breiðumýri 2
800 Selfossi
800Selfoss

21. maí 2025
MÍ202505-0112/ 6.10 / O.I.

Efni: Einholtsvegur 358 í Bláskógabyggð. Endurbygging.

Með tölvubréfi dags. 5. maí 2025 óskaði María Dís Ásgeirsdóttir, deildarstjóri Tæknideildar Suðursvæðis Vegagerðarinnar eftir umsögn Minjastofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir við Einholtsveg í Bláskógabyggð. Er um að ræða rúmlega 7,5 km langan vegarkafla sem nær frá Hrunavegi í norðri og endar rétt sunnan við gatnamót við Drumboddsstaðaveg, skv. landfræðilegum gögnum frá Vegagerðinni. Í áður nefndu tölvubréfi kemur fram að framkvæmdin komi til með að vera bundin við núverandi veg, að mestu, en henni er jafnframt lýst nánar á eftirfarandi hátt:

„Núverandi vegur er um það bil 5-6 m breiður malarvegur en með fyrirhuguðum endurbótum stendur til að byggja veginn upp með styrktar- og burðarlagi þar sem þess er þörf og leggja klæðningu á veginn. Eftir endurbyggingu verður vegurinn að heildarbreidd 7,0 m með 6,8 m breiðri klæðningu og 10 sm malaröxlum og vegfláum með halla 1/3“.

Minjastofnun fékk send landfræðileg gögn frá Vegagerðinni sem sýna umfang framkvæmdarinnar og voru þau lögð yfir loftmynd og skoðuð í samhengi við fyrirliggjandi upplýsingar, í landfræðilegum gagnagrunni stofnunarinnar, yfir skráðar fornleifar í landinu. Kom í ljós að engin fornleifaskráning hefur fari fram á svæðinu. Ítarleg yfirferð loftmynda af framkvæmdasvæðinu leiddi þó til þeirrar niðurstöðu að ekki er talin ástæða til að fara fram á fornleifaskráningu vegna þeirra vegafamkvæmda sem hér eru til umfjöllunar, enda eru þær meira og minna bundnar við svæði sem þegar er raskað vegna núverandi vegar. Eru því taldar litlar líkur á að fornleifar sé þar

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnarsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri
oddgeir@minjastofnun.is

að finna. Minjastofnun gerir því ekki athugasemdir við umræddar framkvæmdir við Einhóltsveg 358.

Að lokum er þó rétt að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri

Sent: maria.d.asgeirsdottir@vegagerdin.is
skipulag@utu.is